


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjajónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is

Hundrað ára afmæli Alþýðusambands Íslands

Glíman við Kveldúlfana og fjöruslagurinn í Súðavík 1931

Útdráttur úr köflum í bókinni *Vindur í seglum. Saga verkalyðshreyfingar á Vestfjörðum I. bindi*,
eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing.

— sjá bls. 10 — 16



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. mars 2016 · 10. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Ísafjarðarlognið



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



**HAMRABORG
SAMLOKA**

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG
SAMLOKA**

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG
SAMLOKA**

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



**HAMRABORG
SAMLOKA**

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

LÚRfestival haldin í þriðja sinn í sumar

Skipuleggjendur listahátíðarinnar LÚRfestival á Ísafirði eru farin af stað við skipulagningu hátíðarinnar í ár og leita þau fólks á aldrinum 15–30 ára með sér í hópinn. Skipuleggjendur segja afar góða stemningu í hópnum sem að undirbúningnum kemur og vinnan við að gera heila hátíð að veruleika sé bæði skemmtileg og gefandi, en að sama skapi krefjandi. Opinn kynningarfundur verður haldinn mánudaginn 14. mars, klukkan 20 í Rögnvaldarsal menningar- miðstöðvarinnar Edinborgar. Hófi, Líf og Andrea sem starfað hafa að hátíðinni eru sammála um að þetta sé frábær upplifun sem þær hefðu ekki viljað sleppa fyrir nokkra muni og vilja þær endilega að þú fái að vera með! Þær segja vinnuna við undirbúninginn alls ekki einvörðungu einkennast af puði, heldur af

samveru með skemmtilegu fólki, skipulagsferðum og því að borða góðan mat.

Hátíðin verður haldin í þriðja skipti sumarið 2016, hún er upphaflega hugarfóstr myndlistarkonunnar Ólafar Dómhildar Jóhannsdóttur, sem hún vann með ungmennum á svæðinu. Hátíðin hlaut nafnið LÚR, sem er skammstöfun á *lengst úti í rassgati*, og var það einmitt eitt af því sem í upphafi var lagt upp með að skoða – hvort listahátíð ungmenna gæti þrífist á stað sem kalla má lengst úti í rassgati.

LÚRfestival er listahátíð ungs fólks á Vestfjörðum, þar sem lögd er stund á allar listgreinar og hefur hátíðin reynst gott tækifæri fyrir listafólkið til að koma sér á framfæri og er þar mikið lagt upp úr að þau fái að sýna hvað í þeim býr.

annska@bb.is



Á LÚR hátíðinni hefur talsvert verið lagt upp úr því að skreyta umhverfið á Ísafirði, líkt og með þessum vegglistaverkum í undirgöngum við Hafnarstræti.



Finnboði Hermannsson

– Sjónarmið –

Heyrði einhver bofs frá Bessastöðum?

Athyglisvert hversu Vestfirðir hafa blandast inn í forsetakosningar á Íslandi frá fyrstu tíð. Eins og forsetar vorir hafi alltaf átt einhverja vafninga vestur á firði. Vigdís var afkomandi séra Þorvaldar í Sauðlauksdal. Ásgeir Ásgeirsson var lengi þingmaður Vestur-Ísafirðinga og gildi þá litlu fyrir hvaða flokk hann bauð sig fram, meira að segja utanflokka rann hann inn. Svo kom Sjónvarpið með undantekninguna árið 1968 sem var doktor Kristján Eldjárn þá orðinn sem einn postulínshundur á heimilum þangað sem Sjónvarpið náði. Munir og minjar.

Fyrsti forsetinn, Sveinn Björnsson, var ekki kosinn það sem við köllum lýðræðislega nú á dögum. Sameinað alþingi kaus Svein á þingfundi í mígandi rigningu á Þingvöllum árið 1944. Hann var samt ættaður að vestan. Þá er komið að þeim núverandi og fráfarandi Ólafi Ragnari Grímssyni sem var beinlínis fæddur og uppalinn fyrir vestan og það gátu andstæðingar hans ekki véfengt þar sem hann hafði fæðingarvottorðið upp á vasann. Þeir vissu sem var að frambjóðandi að vestan var ósigrandi. Reyndu þó að klóra í bakkann með því að bjóða fram mann nýkominn að vestan, Pétur Hafstein, sem verið hafði sýslumaður á Ísafirði og kominn í hæstarétt. En sonur Gríms

rakara var einhvern veginn meira að vestan og var kjörinn forseti lýðveldisins. Öll vötn höfðu sem sé runnið til Dýrafjarðar í þessum kosningum árið 1996.

Ef einhver ógn hafði staðið af Selárdal á þeim sömu Vestfjörðum og fylgið ef til vill sundrast um Ólaf Ragnar og Guðrúnu Pétursdóttur eiginkonu fyrrverandi Selárdalsbónda af Arnaldsætt, þá hvarf sú hrelling eins og dög af flugvélarvæng þegar hún dró framboð sitt til baka. Gott ef flugvélin mín var ekki út af Vatnajökli þegar sjálfur flugstjórinn bauð góðan dag góðir farþegar til að flytja áriðandi tilkynningu. Farþegar biðu í ofvæni eftir skruggum eða sköðuðum hreyfli en þá var það ekki annað en að frú Guðrún Pétursdóttir hafði dregið framboð sitt til baka og við lendum í Kaupmannahöfn eftir stutta stund. Það er eins og þeir lendi alltaf eftir stutta stund. Hjón í sætaröðinni fyrir framan okkur urðu mjög harmandi og við sem kusum Guðrúnu. Þöntuðu svo meira gin og tónikk til að sefa harminn. Tvöfaldan takk með röri.

Og auðvitað var karlinn kosinn og ekki síst kona hans Guðrún Þorbergsdóttir af Vesturgötunni. Gleymum því ekki.

Nú eru að hefjast spennandi tímar. Sturla Jónsson ætlar að bjóða sig fram með lúðraþyt og söng. Ástþór í jólasveinabúningi ausandi jólagjöfum við sama og þá Þorgrímur Þráinsson ættaður

vestan af Snæfellsnesi. Spurning hvort það verði nógu vestarlega. Alveg gallharður bindindismaður og hvorki reykir né drekkur eins og reyndar Ólafur Ragnar. Og ljóskan í sólbaðsstofunni gat þess einmitt í DV-viðtali um daginn hvað Þorgrímur hefði ætíð komið vel fram og verið penn og kurteis í ljósalbekknum. En svo þurftu brjóstgefandi konur að vera með nöldur út af kenningum Þorgríms um rofið augnsamband þeirra við brjóstmylkina sína. Gæti kostað nokkur atkvæði.

Þorgerður Katrín spáir í framboð og verður strax spurð um hvað hún gerði við alla aurlana sem frúin í Hamborg gaf henni. Og Stefán Jón Hafstein mun verða minntur á þau orð sem hann lét falla um aumingjana í Þjóðarsálinni fyrir 20 árum.

Er svo ein kona kristi vígd komin í bland við tröllin? Segist vera að íhuga framboð eftir að þjóðin trekk í trekk vildi fá hana suður á Bessastaði. Þangað hraktist langafi hennar Skúli Thoroddsen sýslumaður og Theódóra amma með barnaskarann. Skúli flæmdur af íhaldsöflunum frá embætti á Ísafirði og því ekkert nýtt undir sólinni að vinstra fólk hafi verið flæmt frá Ísafirði af sömu öflum.

Katrín Jakobsdóttir segist vera að íhuga málið

Annað hvort væri nú. Minnsta kosti dónaskapur að segjast ekki vera að íhuga málið sem er orðin

föst klisja í íslensku og á meðan þenja hundrað manns sjóðandi reiknivélarnar dag og nótt. Því alltaf uppvekst fjöldi stuðningsmanna, vina og viðhlæjenda þegar verður til álitlegur frambjóðandi. Hver vill ekki hafa stuðlað að kosningu forseta og eiga jafnvel í vændum jólakort frá forsetahjónunum næstu fjögur eða átta árin, kannski lengur eins og núna. Það er orðinn bunki frá Ólafi Ragnari.

Komin í bland við tröllin?

Sá forseti sem nú er að fjara út var svo sem aldrei við eina fjölinna felldur. Hafði þreifað fyrir sér á ýmsum stöðum og rak loks upp á stendur Alþýðubandalagsins. Var söguleg nauðsyn sagði einhver merkur stjórnmálafræðingur. Þar hlaut hann æðstu metorð, formaður og ráðherra. Þegar tók að halla á forsetatíð Vigdísar Finnboðadóttur gerðist Ólafur Ragnar spakur í þinginu og hætti alveg að kafreka menn eins og firtommu með sínu eittraða orðfæri. Sat bara þarna þrúður og gekk að mat sínum í hádeginu og orðinn hvers manns hugljúfi og takk fyrir matinn. Eigi all löngu síðar sáu einfaldir kjósendur hans á eftir honum fara með himinskautum eins og kveldriðu* á fullu tungli í fylgd ýmissa vafasamra manna. Fór svo að hengja á þá krossa á næsta nýári fyrir samfylgdina og önnur vel unnin störf í þágu föðurlandsins. Þá fór ýmsum ekki að verða um sel. Minntust margir

greinar Magnúsar Kjartanssonar í Austrapistlinum fræga: – Þá voru ræningjar hengdir á krossa en ekki krossar á ræningja – í tilefni þess að Vilhjálmur Þór var krossaður nýstaðinn upp úr olúsvindlinu fræga.

Auðvitað dónaskapur að vera að rifja þetta upp og óparfi sýnist ýmsum. En þeir finnast enn sem ómókuðu sig á kjörstað árið 1996 og héldu að þeir væru að kjósa sinn mann. Sem léti kannski til sín heyra, þótt ekki væri nema að hann blakaði eyrunum þegar hópar fólks voru hlunnfarnir hrapallega og réttmætar kröfur hundsáðar. Það gerðist nýverið þegar ellilaun og örorkubætur voru ekki bakreiknuð eins og laun annars fólks. Átti einhver von á bofsi frá Bessastöðum?

Allt þetta sambengi situr eins og kafrekin firtomma í kverkunum á þeim sem guldu mannum atkvæði sitt fyrir 20 árum eða svo. Líklegra að afsprengi Vestfirðinganna Skúla og Theodóru verði fastara í rásinni og gleymi ekki kjósendum sínum bæði veslum og ríkum verði niðurstaðan Bessastaðir.

*Kveldriða er galdrakona sem ferriðandi á priki eða manni á kvöldin sbr. kvæði Gríms Thomsen Kveldriður og Kaldalóns samdi við þekkt tónverk.

Þessum texta var stunið á pappírinn vestur í Hnífsdal 5. mars 2016


Finnboði Hermannsson

Bolungarvíkurkaupstaður

óskar Alþýðusambandi Íslands til hamingju með 100 ára afmælið þann 12. mars 2016.



BOLUNGARVÍK





Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Til hamingju með afmælið

Á laugardaginn fagnar ASÍ hundrað ára afmæli og þetta tölublað Bæjarins besta er helgað þeim merku tímamótum. Í blaðinu eru kaflar úr bókum Sigurðar Péturssonar um verkalýðsbaráttu fyrri tíma á Vestfjörðum. Sömu leiðis hugvekjur frá okkar eigin baráttukempum Gunnhildi og Finnþoga og forseti ASÍ sendir kveðju vestur.

Baráttan fyrir bættum kjörum þessi hundrað ár hefur oft verið hörð og svo sannarlega við ramman reip að draga eins lesa má um í bókum Sigurðar og því miður eru engar líkur á því að samtök vinnandi fólks verði óþörf. Þegar þessi leiðaraómynd er skrifuð standa silkihúfur Alcan í Straumsvík á kajanum og ganga í störf þeirra sem í verkfalli eru. Fyrirtæki sem þráast hefur við að ganga til samninga við starfsfólk sitt og sendir út hrokafullar einhliða yfirlýsingar um engar launahækkanir, rétt eins og það þurfi ekki að ganga til samninga.

Hin almenna regla er að aukin arðsemi vegna til dæmis hagræðingar eða tækninýjunga skilar sér ekki í buddu verkamannsins fyrr en eftir áratugalanga baráttu, þetta segir sagan okkur. Aukinn hagnaður fer beint í vasa eigenda en ekki til starfsfólks nema kannski hinn frægi pinnaís sem fiskverkakonur á Akranesi fengu í kaupbæti eftir góða viku. Gleðileg undantekning er auðvitað rausnarleg framkoma stjórnar Orkubús Vestfjarða sem leysir tryggan starfsmann út á fullum launum til sextán mánaða, þetta er frábær stefna sem hlýtur að koma öðrum tryggum starfsmönnum fyrirtækisins líka til góða. Innanborðs hjá Orkubúinu er mikið mannvál, starfsmenn sem leggja líf og limi í hættu með stauraklifri í vondum veðrum, þeir eiga væntanlega von á að vera kvaddir með virtum þegar þeir ljúka sinni starfsævi. Sömu leiðis má reikna með að stjórnarmann Orkubúsins sem nú hafa lagt þessa örlátu línu í starfsmannamálum fyrir hönd hins opinbera fyrirtækis, muni gera slíkt hið sama þegar gildir þeirra eigin starfsmenn og þeirra eigin þyngju.

Bæjarins besta sendir Alþýðusambandi Íslands baráttu- og afmæliskveðjur.

BS

Spurning vikunnar

Ertu í vanskilum?
Alls svöruðu 763.
Já, sögðu 102 eða 13%
Nei, sögðu 661 eða 87%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Verkalýðshreyfingin er ein öflugasta félagshreyfing þjóðarinnar. Flestir vita af hreyfingunni, margir njóta þjónustu hennar, sýna skilning á hlutverki hennar en þeir eru líklega fleiri sem gera sér ekki grein fyrir hversu stórt hlutverk hennar er í sögu þjóðarinnar síðustu 100 árin. Þess vegna er mikilvægt að rifja upp söguna og vekja athygli á framlagi verkalýðshreyfingarinnar til mótunar íslensks samfélags. Þann 12. mars 2016 verða 100 ár liðin frá því að 20 einstaklingar frá sjö verkalýðsfélögum bundust samtökum til að efla samtakamátt sinn í baráttunni fyrir bættum kjörum og Alþýðusambandið varð til.

Á fyrstu árum hreyfingarinnar snérist baráttumálin um að verkafólk fengi greitt fyrir vinnu í peningum, um hvíldartíma og mannsæmandi mannabústaði. Alla tíð síðan hafa réttindamál af ýmsum toga einkennt starf verkalýðshreyfingarinnar og er nú svo komið að réttindi og aðbúnaður íslensks launafólks er með því allra besta sem þekkist í heiminum. Má þar nefna veikinda- og orlofsrétt, sjúkrasjóði og lífeyrisréttindi. Það má þó ekki sofna á verðinum því stöðugt þurfa stéttarfélagin að verja það sem hefur áunnist auk þess að sækja fram til frekari sigra.

Þjóðminjasafn Íslands

Sögu Alþýðusambandsins er gerð viðeigandi skil á ljósmyndasýningunni Vinnandi fólk í Þjóðminjasafninu sem opnaði 5. mars sl. Þar er birtu brugðið á það hvernig aðstaða og aðbúnaður vinnandi fólks á Íslandi hefur breyst frá stofnun ASÍ. Sýningin er vitnisburður um framþróun hjá vinnandi fólki á mörgum sviðum á síðustu hundrað árum. Máttur

ljósmyndarinnar er magnaður, hún sýnir okkur betur en flest, veruleikann eins og hann var.

Listasafn ASÍ

Í stórfenglegri listaverkagjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands, sem varð kveikjan að stofnun Listasafns ASÍ 1961, eru mörg af þekktustu myndverkum tuttugustu aldar eftir nokkra fremstu listamenn þjóðarinnar; Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes Sveinsson Kjarval, Nínu Tryggvadóttir og Svavar Guðnason. Á sýningunni, GERSEMAR úr safneign Listasafns ASÍ, sem opnar 5. mars verða verk eftir ofangreinda listamenn sýnd í bland við aðrar og minna þekktar perlu úr safneigninni.

Tónlist hefur leikið stórt hlutverk í verkalýðshreyfingunni alla tíð og tónlist verður ein kennandi í afmælissagnaði ASÍ. Boðið verður til tónleika á fjórum stöðum á landinu 12. mars þar sem ungir og ferskir listamenn stíga á svið í bland við eldri og reyndari.

Reykjavík dagur

Fjölskylduskemmtun í tilefni 100 ára afmælis ASÍ hefst í Hörpu kl. 14 laugardaginn 12. mars. Boðið verður upp á tónleika með Páli Óskari og Úlfi Úlfi í Norðurljósalnum. Auk þess setur tvíeykið magnaða, Hundur í óskilum, upp stutta leiksýningu í Kaldalóni kl. 15 og 16 þar sem farið verður yfir athyglisverða hluti úr 100 ára sögu verkalýðshreyfingarinnar. Kl. 17:30 blæs Lúðrasveit verkalýðsins svo til tónleika í Kaldalóni. ASÍ býður svo gestum Hörpunnar upp á afmælisköku, kaffi og djús í tilefni aldarafmælisins. Það er frítt inn á alla

þessa viðburði og ekki þarf að ná sér í miða til að vera með á fjölskylduskemmtuninni.

Reykjavík kvöld

Frábærir listamenn koma fram til að fagna þessum tímamótum með okkur: Retro Stefson, Mannakorn, Valdimar, Hundur í óskilum, Mammút og Lúðrasveit Verkalýðsins. Kynnur verða Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Aðgangur er ókeypis en miðar verða afhentir á tix.is og harpa.is og hefst afhending miða föstudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

Akureyri

Ljósmyndasýning og tónleikar í Hofi á Akureyri laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Agent Fresco, Ylja, Hvanndalsbræður og Emmisje Gauti. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst föstudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

Ísafjörður

Ljósmyndasýning og tónleikar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Mugison og Lára Rúnars. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst föstudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.

Neskaupstaður

Ljósmyndasýning og tónleikar í Egilsbúð í Neskaupstað laugardaginn 12. mars kl. 20. Fram koma: Bjartmar Guðlaugs, Lay Low og Úlfur Úlfur. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að nálgast miða á tix.is. Afhending miða hefst föstudaginn 4. mars kl. 12 á hádegi.



ÓSKUM ASÍ TIL HAMINGJU MEÐ HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLIÐ



Langahlíð 1
465 Bíldudal
arnarlax@arnarlax.is



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPLAG, SUÐUREYRARMALIR, SUÐUREYRI, ÍSAFJARÐARBÆ.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda deiliskiplagstillögu á fundi sínum þann 18. febrúar 2016.

Deiliskiplagið tekur til Suðureyrarmala og næsta nágrennis til sjávar, þ.e. Brekkustígs, Eyrargötu, Skólagötu, Stefnisgötu, hluta Aðalgötu, Freyjugötu og Hlíðavegar og Hjallavegar að norðanverðu. Skipulagssvæðið er um 5,4 ha að stærð.

Deiliskiplagið gerir ráð fyrir 33 nýjum eða endurbyggðum lóðum innan skipulagssvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir möguleikum til að auka byggingarmagn á öllum lóðum innan svæðisins, nema einni sem er fullbyggð. Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og endurreisn horfingar byggðar.

AUGLÝSING UM BREYTINGU DEILISKIPLAGI NEÐAN AÐALGÖTU, SUÐUREYRI, ÍSAFJARÐARBÆ.

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar breytingu á deiliskiplagi neðan Aðalgötu á Suðureyri á fundi sínum þann 18. febrúar 2016.

Breytingin felur í sér að miðhluti gildandi skipulags er felldur úr skipulagi, en ysti og innsti hluti þess standa eftir óbreyttir. Breytingin er gerð í tengslum við gerð nýs deiliskiplags sem nær yfir reitinn. Auk þess er óveruleg breyting sem gerð var á deiliskiplaginu varðandi vogarhús á hafnar svæðinu og birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. maí 2014 felld inn í deiliskiplagið.

Ný deiliskiplagstillaga, Suðureyrarmalir, er auglýst samhliða þessari deiliskiplagsbreytingu og er meðhöndluð sem nýtt skipulag.


Deiliskiplagstillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 10. mars 2016 til og með 22. apríl 2016. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskiplagstillögurnar. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

Ísafirði 3. mars 2016.

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

ASÍ í 100 ár

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



Þann 12. mars 1916 var stofnfundur Alþýðusambands Íslands haldinn að viðstöddum 20 fulltrúum frá sjö verkalýðsfélögum úr Reykjavík og Hafnarfirði. Drifkrafturinn að stofnun ASÍ fyrir 100 árum var aflið sem fólst í samstöðu fjöldans. Það hafði lítið upp á sig ef einn karl á höfninni fór að rífa kjaft yfir bágunum kjörum og slæmum aðbúnaði. Honum var einfaldlega sagt að hypja sig og næsti maður ráðinn í staðinn. En ef það var hægt að tala 10, eða jafnvel 50 menn, á það að setja ofan í við óbilgjarnan atvinnurekandann þá leit dæmið öðruvísi út. Í upphafi síðustu aldar voru aðstæður íslenskrar alþýðu að breytast mjög hratt því mikil umbrot voru að eiga sér stað í samfélaginu. Vistarbandið illræmda hafði verið afnumið um 1894, lög um greiðslu launa í löggeyri voru innleidd á Alþingi um aldamótin og mikil uppbygging átti sér stað í útgerð, iðnaði og þjónustu og afgreiðslu – segja má að stétt öreiga og auðvalds hafi orðið til.

Líkt og í nágrannalöndum okkar fann verkafólk til vanmáttar síns í samskiptum við atvinnurekendur og leitaði því leiða til að mynda mótvægi við ægivald auðvaldsins. Þá var mikilvægt að finna þann kraft sem felst í fjöldanum og stofna verkalýðsfélög til að sameinast um kjör sín og réttindi. Á þessari hugsun um afl fjöldans hefur starf verkalýðshreyfingarinnar hverfst allt frá fyrstu tíð. Við erum sterkari saman. Og saman hefur íslenskt launafólk náð að vinna ýmsa stóra sigra á þessum 100 árum, enda er svo komið að réttindi á vinnumarkaði og

aðbúnaður á vinnustöðum er óvída betri en hér á landi. Veikindaréttur, líffeyrismál, orlofsréttur, atvinnuleysistryggingar, sjúkrasjóðir sem veita allskyns styrki auk sjúkradagpeninga, tækifæri til starfsendurhæfingar og svo mætti áfram telja. Um kjörin má svo endalaust deila en þau má alltaf bæta og að því stefnum við stöðugt.

Hluti af þessum miklu umbrotum í samfélaginu í upphafi síðustu aldar voru einnig átök á hinu pólitíska sviði. Þjóðin var smátt og smátt að öðlast meira fullveldi frá Dönum, en fullveldisbaráttan hafði mótað hina pólitísku umræðu fremur en hagsmunir einstaklinga og fyrirtækja. Með uppveiti fjölmennrar stéttar verkamanna og launafólks, fór efni hinnar pólitísku umræðu einnig að breytast. Á síðasta ári fögnuðum við 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, sem var mikilvægur og merkur áfangi í réttindabaráttunni. Í framhaldinu fékk alþýða manna einnig kosningarétt, sem lagði grunninn að allt annars konar pólitísku landslagi hér á landi en áður. Eftir þetta fór hin pólitíska umræða að hverfast meira um grundvallar hagsmuni landsmanna samhliða átökum um réttindi og skyldur sem því fylgdi.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa það í huga, að almennt launafólk, verkafólk, afgreiðslufólk og þjónustufólk þurfti árið 1916 alveg eins og það þarf í dag á því að halda, að einhver sé til þess að verja stétt þess og stöðu. Að vera trúverðugir talsmenn þeirra hagsmuna, standa vaktina bæði á vinnumarkaði í samskiptum við fyrirtækin og samfélagið í heild.

Þeir sem stöðu að stofnun Alþýðusambandsins árið 1916 stofnuðu við það sama tilefni einnig Alþýðuflokkinn sem sinn pólitíska vettvang. Hér fóru menn hins vegar nokkuð ólíkt að og gert var á hinum Norðurlöndunum því hér var þetta ein og sama skipulagsheildin. Forseti Alþýðusambandsins var einnig formaður Alþýðuflokksins og þing eitt og hið sama. Á hinum Norðurlöndunum var stofnuð Alþýðuhreyfing (leyfi mér að nota það sem þýðing á danska heitinu „arbejderbevægelse“), sem greindist í flokk og verkalýðshreyfingu sem voru

vissulega tengd en ekki sama skipulagsheildin. Þessi háttur á skipulagi okkar hreyfingar hélt allar götur fram til ársins 1940, þegar samþykkt var að skilja á milli flokks og hreyfingar. Síðan þá hefur Alþýðusambandið verið óflokkspólitískt, þó vissulega hafi flokkspólitíkin lengi markað djúp spor í starfseminu.

Eg tel að það hafi verið heilla-spor fyrir ASÍ að aðskilja flokk og hreyfingu. ASÍ væri ekki það afl í dag sem það er með meira en 100 þúsund félagsmenn ef það hefði ekki verið gert. Það breytir því ekki að sundurlyndisfjandinn hefur í allt of ríkum mæli mótað hina pólitísku hlið þessarar baráttu undanfarin 100 ár og gert baráttunni fyrir réttindum og stöðu almenns launafólks bæði erfiðara um vik og mótað þær leiðir sem voru farnar.

Það er oft sagt að sagan fari í hringi og þess vegna sé nauðsynlegt að þekkja hana vel til að gera ekki sömu mistök og þeir sem á undan gengu. Í árdaga íslenskrar verkalýðsbaráttu var barist fyrir grundvallarréttindum svo sem eins og því að fá greitt í peningum en ekki vöruúttektum, fyrir hvíldartíma þannig að ekki væri hægt að jaska fólki út í vinnu jafnvel sólarhringum saman og svo voru húsnæðismálin fyrirferðamikil. Hundrað árum síðar eru þessi sömu mál í brennidepli verkalýðshreyfingarinnar og því afar mikilvægt að ekki verði slakað á klónni. Árvegni félagsmanna, trúnaðarmanna og stéttarfélaganna vítt og breitt um landið er lífæð þessarar hreyfingar. Brot á réttindum fólks fer yfirleitt ekki fram í kastljósi fjölmiðlanna heldur er verið að misnota sér erfiðar aðstæður einstaklinga. Til þess að geta veitt þessum félögum okkar aðstoð og stuðning er því afar mikilvægt að virkja félagsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaganna úti á vinnustöðunum. Átakið „Einn réttur ekkert svindl“ sem er samstarfsverkefni ASÍ og aðildarsamtakanna hefur þetta einmitt að leiðarljósi. Að koma í veg fyrir misnotkun á erlendum starfsmönnum og ungu fólki á vinnumarkaði, fólkinu sem er minnst upplýst um réttindi sín og stöðu. Baráttan heldur áfram!

Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Óskum ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið



www.sudavik.is

Fagráðstefna skógræktar á Íslandi haldin á Patreksfirði



Fagráðstefna skógræktar á Íslandi verður haldin á Patreksfirði dagana 16. og 17. mars. Skjól-skógar á Vestfjörðum standa að ráðstefnunni ásamt Skógrækt ríkisins, Rannsóknarstöð skógræktar Mógilsá, Skógræðingafélagi Íslands, Skógræktarfélagi Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landsamtökum skógar-eigenda. Viðburðurinn er ráðstefna fagmanna og stjórnenda í skógrækt og er hún haldin árlega víðsvegar um landið, þar sem landhlutasamtök skógarbænda skiptast á að vera gestgjafar. Tvisvar áður hefur ráðstefnan verið undir umsjón Skjól-skóga en það var árið 2010 og 2005.

Á dagskránni kennir ýmissa grasa. Fyrirlesarar leitast við að svara í erindum sínum spurningum líkt og: Hvers vegna eru skógar góðir fyrir fiska? Hvað geta Íslendingar gert til að minnka hættu á skógareldum? Hvernig má bregðast við yfirvofandi loftslagsbreytingum? Hvernig efni fæst úr íslensku skógunum og hvernig notum við

það í framtíðinni? Hvernig nýtist nýjasta landupplýsingatækni í skógræktinni? Er ofuröspin fundin? Hvað hefur kynbætt fura fram yfir aðra furu?

Á ráðstefnunni koma saman flest fagfólk og sérfræðingar í skógrækt á Íslandi. Meðal þeirra sem tala á ráðstefnunni er Benjamin Dippo, sem er bús-

stjóri Vestinvest ehf. á Bakka í Dýrafirði, þar sem hann mun fjalla um áform þau er lúta að framkvæmdum og uppbyggingu á jörðinni.

Ráðstefnan fer fram í Félagsheimilinu á Patreksfirði Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vef Skógræktar Ríkisins. annska@bb.is

Atvinna

Íslandspóstur óskar eftir að ráða bréfbera í 75% starf.

Upplýsingar gefur stöðvarstjóri í sími 4565103 eða á netfangið isafjordur.postur.is



Íslandspóstur hf

Til sölu

Til sölu falgur og hljóm-fagur flygill. Framleiðandi: Young Chang. Mjög vel með farinn og lítið notaður. Á sama stað eru til sölu frímerki og frímerkjasafn.

Upplýsingar gefa:

Flygill - Messíana sími 863-1642

Frímerki - Ásgeir sími 844-0172 eða í síma 456-3485



Verslunar- og skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu er 297,7 m² verslunar- og skrifstofuhúsnæði á 1. hæð í Hafnarstræti 19 á Ísafirði. Húsnæðið leigist í núverandi ásigkomulagi. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Eignadeild Landsbankans hf. í netfangið margretk@landsbankinn.is varðandi frekari upplýsingar.



Sendum félagsmönnum ASÍ baráttu- og samstöðukveðjur í tilefni 100 ára afmælis ASÍ. Stöndum sameinuð vörð um réttindi okkar, þau dattu ekki af himnum ofan





Verkalýðsfélag Sléttuhrepps og glíman við „Kveldúlfana“

Hér birtist kafli úr bók Sigurðar Péturssonar sagnfræðings, *Vindur í seglum III.*, sem út kom á síðasta ári. Þar er fjallað um Verkalýðsfélag Sléttuhrepps, sem stofnað var kringum síldarverksmiðjuna í Hesteyrarfirði í Jökulfjörðum. Kafllinn er nokkuð stytur. *Vindur í seglum III*, er þriðja bindi sögu verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum og fjallar það um verkalýðsfélög á Ísafirði og við Ísafjarðardjúp á tímabilinu 1930–1970. Um leið lýsir bókinn atvinnuháttum og samfélagi Vestfjarða á miklum umbreytingatímum.

Verkalýðsfélag Sléttuhrepps var stofnað á annan í hvítasunnu árið 1930. Það voru Finnur Jónsson formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði og Ragnar G. Guðjónsson stjórnarmaður Verkalýðssambands Vesturlands sem fóru norður á Hesteyri eftir áskorun frá heimamönnum. Þeir efndu til opins fundar um verkalýðsmál og töluðu þar fyrir stofnun verkalýðsfélags ásamt Vagni Benediktssyni á Hesteyri. „Að því loknu vjoku þeir af fundi sem ekki ætluðu sjer að ganga í fjelagið og var

þá haldinn stofnfundur fyrir verkalýðsfjelag Sléttuhrepps,“ segir í fundagerðabók félagsins.

Stofnendur félagsins voru 14 verkamenn á Hesteyri og nágrenni, en síðar voru stofnaðar deildir í félaginu á Látrum og Sæbóli í Aðalvík. Í lögum félagsins var gert ráð fyrir að konur jafnt sem karlar af bænda- eða verkalýðsstétt ættu þar heima, þó að allir stofnfélagarnir væru karlar. Í fyrstu stjórn félagsins voru kosnir, formaður Bjarni Kr. Pétursson, ritari Gísli R. Bjarnason og gjaldkeri Guðmundur B.

Albertsson.

Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar á Ísafirði mættu á alla stofnfundina á Hesteyri, Látrum og Sæbóli. Þessi innrás rauðliðanna frá Ísafirði var ekki vel séð af öllum. Guðný Sveinsdóttir, ekkja með sjö dætur bjó á Sæbóli um þetta leyti og vann við fiskþvott í ákvæðisvinnu og fiskbreiðslu þegar atvinna gafst. Hún rifjaði upp síðar: „Vorur margir hræddir við þennan félagsskap í upphafi, og þótti jafnvel ráðlegra að láta ekki sjá sig á tali við þá Ísafirðinga, sem félagið stofnuðu, enda voru þeir fáir, sem þorðu að ganga í félagið, fyrir þá hafði fengið viðurkenningu sem samningsaðili við hinn volduga atvinnurekanda.“

Hinn voldugi atvinnurekandi: Kveldúlfur

Hinn voldugi atvinnurekandi, sem Guðný Sveinsdóttir nefnir,

voru Thorsararnir, eða Kveldúlfur hf., sem átti og rak síldarverksmiðjuna í Hesteyrarfirði. Fram til þessa höfðu þeir einir ráðið kaupgjaldinu við verksmiðjuna. Helsta verkefni Verkalýðsfélags Sléttuhrepps var að bæta kjörin við síldarbræðsluna og að tryggja félagsmönnum þau störf sem þar sköpuðust yfir síldarvertíðina á sumrin.

Stofnfundurinn á Hesteyri ræddi um kaupgjaldið og samþykkti um það tillögu, sem stjórninni var falið að bera undir menn á Látrum og fylgja eftir. Kaup-taxtinn gerði ráð fyrir nokkurri hækkun frá því sem Kveldúlfsmenn höfðu borgað. Almenn dagvinna skyldi vera 1,10 kr. á klukkustund en skipavinna kr. 1,30. Almenn eftirvinna 1,25 og nætur- og helgidagavinna 1,75 krónur. Fast mánaðarkaup skyldi vera 260 krónur. Blaðið *Skutull* á Ísafirði birti kauptaxtann, skoraði

á verkamenn að ráða sig ekki fyrir lægri laun á Hesteyri um sumarið og lét í ljós þá von að samtakamátturinn dygði til þess að ná fram kauphækkun. Ekki gekk það eftir. Verkalýðsfélagið varð að láta undan kröfur um hækkun eftir- og næturvinnu og í fleiri atriði.

Atvinnurekandanum á Hesteyri voru ekki vandaðar kveðjurnar í *Skutli*, sem á þeim tíma var gefinn út af verkalýðshreyfingunni. Það sagði Kveldúlf sýna verkafólkinu hörku og krefjast 60 stunda vinnuviku í dagvinnu, sama á hvaða tíma sólarhrings unnið væri. Ef einhver vogaði sér að andmæla, væri þeim tafarlaust sagt upp vinnunni. Þannig væri „að jafnaði hlutskipti þeirra verkamanna sem ekki hafa með sér félagsbundin samtök til þess að berjast fyrir bættum kjörum sínum.“

Þá var sagt frá því að Kveld-

úlfsmenn hafi kært álagt útsvar til hreppsins upp á 7000 krónur og viljað fá það lækkað vegna fjárfestinga í endurbótum á verksmiðjunni og vegna kostnaðar við flugferðir til Hesteyrar. Og Halldór Ólafsson ritstjóri frá Gjögri komst líka á flug: „Hreppurinn átti, eftir þessu, að lækka útsvar hans um 2000 krónur, vegna þess að hann hefði grætt svo mikið undanfarið, að hann gat endurbætt vélarnar, svo að þær gefa enn meiri arð en áður, og einnig til þess, að Haukur Thors og aðrir Kveldúlfs „herrar“ gætu leyft sér þann lúxus að leigja flugvél í snattferðir fyrir sig.“ Hreppsnefndin lækkaði útsvarið í 6500 krónur, en til samanburðar sagði *Skutull* að bræðsluverksmiðjur á Siglufirði borguðu þrisvar sinnum herra útsvar, auk þess sem þær borguðu herra kaup.

Á aðalfundi í apríl 1931 var rætt um forgang hreppsbúa til vinnu í Heklustöðinni um sumarið og stjórn félagsins var falið að upplýsa Kveldúlf hf. um sjónarmið og kauptaxta félagsins. Félagið gerði sömu kröfu og árið áður um fast mánaðarkaup við stöðina, 260 krónur. Var það samþykkt á sameiginlegum fundi Látra- og Hesteyrardeildar. Fyrir lausamenn í skipavinnu var taxtinn 1,30 kr. á tímann í dagvinnu, 1,50 í eftirvinnu og 1,70 í nætur- og helgidagavinnu. Þá var farið fram á það að félagsmenn í verkalýðsfélaginu sætu fyrir um vinnu og að lausamenn fengu greitt kaup fyrir aðra leiðina heiman frá sér á vinnustað.

Gjörðabók félagsins er þöglum um undirtektir atvinnurekandans, en í *Skutli* segir frá því að Ólafur Thors, einn framkvæmdastjóra Kveldúlfs hafi undirritað samning við félagið um sama kaup og árið áður, nema að kaffitími, ein klukkustund á dag, skyldi greiddur fullu kaupi. „Var þetta hrípað upp á blað en í skjótri svipan, því Ólafur var á hraðri ferð.“ Hvergi kemur fram hvaða kaup fólst í samningnum. Þegar

kom að kröfunni um að heima-menn skyldu ganga fyrir um alla vinnu, gafst ekki tími til að koma því á blaðið. Sagði Ólafur ekki ástæðu til þess, þar sem þær færu hagsmunir beggja aðila saman. *Skutull* segir að nú hafi komið í ljós að ekki var að marka það og að Sléttuhreppingar hafi verið settir hjá að mestu við vinnu í verksmiðjunni. „Ættu verklyðsmenn að læra af þessu að hafa alla samninga skriflega, því orð „höfðingjanna“ geta brugðist engu síður en annara.“ Vinnan við síldarverksmiðjuna var eftirsótt, launin góð miðað við það sem tíðkaðist og Thorsarar höfðu fremur gott orð á sér, þó ráðríkir væru.

Með Alþýðusambandið að bakhjarli

Verkalýðsfélag Sléttuhrepps var fámennit félag og fremur veikburða. Fundir voru óreglulegir og erfiðleikum bundið að halda úti þrem deildum. Eftir að Kveldúlfur hafði snúið á félagið í samningunum sumarið 1931 var tilkynnt að Verkalýðsfélag Sléttuhrepps hefði gengið í Alþýðusamband Íslands. „Batnar við það aðstaða þess sem samningsaðila við Kveldúlf til mikilla muna,“ sagði í *Skutli*. Það átti eftir að sannast sumarið eftir. Um sama leyti bar skugga á frægðarsól Thorsaranna vegna gruns um að lögbrot hefði átt sér stað við verksmiðjuna á Hesteyri. Fyrirtækið var sakað um að nota of stór síldarmál og þannig hafa af sjómönnum hluta af samningsbundnum launum þeirra. Það sannaðist að síldarmálin voru of stór, en niðurstaða dómstóla var sú að forstjórarnir fyrirtækisins bæru þar ekki ábyrgð. Um það er nánar fjallað í bókinni *Vindur í seglum III*.

Verkalýðsfélag Sléttuhrepps gerði kröfu um að halda sama kaup sumarið 1932 og greitt hafði verið árið á undan. Engin svör bárust frá forsvarsmönnum Kveldúlfs. Þegar verkstjóri á vegum Kveldúlfs kom til Hest-



eyrar í apríl til að stjórna útskipun á lýsi og leitaði eftir verkafólki til vinnu, var skotið á fundi í félaginu. Þar var Kveldúlfi gefinn frestur til klukkan 7 að kvöldi næsta dags að svara tilboði félagsins, annars yrði vinna stöðvud við útskipun frá Heklustöðinni og samningagerð falin í hendur „Sambandi Vestfjarða“.

Fram kom að félagið lagði höfuðáherslu á að héraðsmenn gengu fyrir um vinnuna „því það hefir verið venja hjá Kvöldúlfi á Hesteyri að sniðganga héraðsbúa sem mest og flytja þangað stúdenta og útlendinga til þess að svifta héraðsbúa atvinnunni.“ Þá var sagt að ef reynt yrði að hefja vinnslu við bræðsluna með utanhéraðsmönnum, án þess að semja við verkalýðsfélagið, myndi gerð tafarlaus vinnustöðvun. Félagið gaf Verkamálaráði Alþýðusambandsins umboð til að semja og formanni þess Héðni Valdimarssyni, formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tvennt kom til að samningarnir voru fluttir til Reykjavíkur. Eigendur verksmiðjunnar voru í Reykjavík og komu ekki vestur nema rétt hluta úr sumri á meðan á síldarvertíðinni stóð. Og svo var ekki enn kominn sími á Hesteyri. Á Hesteyri var að vísu starfrækt loftskæptastöð frá árinu 1922 og sími var lagður yfir að Látrum í Aðalvík, en hreppurinn komst ekki í símasamband fyrr en síðar. *Skutull* hélt því fram að skeytin sem færu á milli verkalýðsfélagsins og Kveldúlfs væru „meira og minna röng og aflöguð“. Samningar tókust suður í Reykjavík og fundur var kallaður saman í Verkalýðsfélaginu 15. júlí. Þar var lesið upp skeyti frá „Sambandinu“: *Kauplækkun Hesteyri 20%. En vinnuskilyrði að öðru leyti þau sömu. Kveldúlfur skuldbindur sig til að taka 35 menn (í) fasta vinnu, og fleiri héraðsmenn ef hægt er.*

Á fundinn var mættur Guðmundur Kristjánsson úr Verka-

lýðsfélaginu Baldri á Ísafirði, fyrir hönd Alþýðusambandsins og hélt hann ræðu um mátt samtakanna. Fram kom að Verkalýðsfélagið ætti að skipta vinnunni niður á félagsmenn eða ákveða hverjir hefðu forgang til hennar. Fundarmenn samþykktu tillögu Gunnars Friðrikssonar frá Aðalvík um að fá skýlausa staðfestingu frá Kveldúlfi um niðurstöðuna sem í skeytinu greindi. Þá var samþykkt að leggja niður vinnu við Heklustöðina þar til svar bærst og ákveðið að fresta inntöku nýrra félaga á meðan deilan stæði yfir við Kveldúlf.

Niðurstaðan varð þessi. Kaupið lækkaði og vinna var tryggð fyrir 35 félagsmenn, af þeim 43 sem óskað var eftir. Kveldúlfsmenn vildu að verkstjórn þeirra veldu mennina, en gert var verfall við stöðina þar til því varð framgengt að félagið ákveði hverjir fengu vinnu.

Árið 1933 var enn tekist á við Kveldúlfsmenn. Verkalýðsfélagið gaf Alþýðusambandi Íslands umboð til samninga, en lítið gerðist. Þegar leið að lokum júnímánaðar var kosningabaráttá í hámæli, því kjósa átti til alþingis. Vilmundur Jónsson nýskipaður landlæknir var frambjóðandi Alþýðuflokksins og sótti hart að þingmanni Sjálfstæðisflokksins Jóni Auðunni Jónssyni í Norður-Ísafjarðarsýslu. Í *Skutli* voru verkalýðbaráttan og stjórn málin nátengd:

„Aðaldrottnari íhaldsins, Kvöldúlfur, hótar Sléttuhreppsbúum því að gera ekki út, nema hann fái að hruga þangað stúdentum og hinu og þessu utanhéraðsfólki og fái líka að ráða kaupinu. – Að þessu sinni mun það þó verða Verklýðsfélag Sléttuhrepps, sem ræður hvorutveggja þessu með aðstoð Alþýðusambands Íslands, en kjósendum Jóns Auðuns í Sléttuhreppi og annarsstaðar vex skilningur á innsta eðli íhaldsins og hugarfari þess til verkafólks og sjómanna.“ (*Skutull* 28. júní 1933).

Samningar voru undirritaðir við Kveldúlf í byrjun júlí. Jón Baldvinsson forseti ASÍ og formaður Alþýðuflokksins skrifaði undir fyrir hönd Verkalýðsfélags Sléttuhrepps. Mánaðarmenn á föstum launum fengu 220 krónur á mánuði í stað 200 króna. Lausamenn fengu 1,00 kr. á tímann í dagvinnu, 1,15 í eftirvinnu og 1,30 í helgidagavinnu. Og nú fengu félagsmenn „óskoraðan vinnuforgang.“ Auk þessa fékkst fram ákveðið um að lausamenn fengu greitt kaup fyrir ferð sína á vinnustað, aðra leið og þótti það harla gott fyrir þá sem áttu langa leið að ganga til stöðvarinnar í Hesteyrarfirði.

En kálið var ekki sopið þó í ausuna væri komið. Þegar til kom sendi Kveldúlfur 19 aðkomumenn til Hesteyrar til vinnu við verksmiðjuna. Verkalýðsfélagið setti á vinnustöðvun og taldi að Ólafur Thors hefði með þessu brotið samninginn sem hann var nýbúinn að undirskrifa. Málið leystist um síðir. Fimm fastamönnum úr Verkalýðsfélaginu var bætt við verksmiðjuna og taldi félagið þar með að það hefði rétt hlut meðlima sinna.

Kaupdeilan við Kveldúlf, átök verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur í Bolungarvík og Súðavík og árangur félaganna með stuðningi Alþýðusambandsins hafði einnig áhrif á stjórn málin. Í alþingiskosningunum 16. júlí 1933 gerðust þau stórmerki að jafnaðarmaðurinn Vilmundur Jónsson felldi íhaldsmanninn Jón Auðunn Jónsson í Norður-Ísafjarðarsýslu með 11 atkvæðum gegn 542. Verkalýðsbaráttan og stjórn málin voru nátengd í þá daga, enda voru Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn tengd, þannig að flokkurinn var hluti af sambandinu allt til ársins 1940.

Helstu heimildir: Gjörðabók Verkalýðsfélags Sléttuhrepps. *Skutull*, Ísafirði 1930-1933.



Bjarni Kr. Pétursson.



Vilmundur Jónsson.

Hundrað ára afmæli Alþýðusambands Íslands

Í ár er þess minnst að Alþýðusamband Íslands, heildarsamtök verkalýðsfélaga á Íslandi, voru stofnuð fyrir 100 árum. Árið 1916 voru einnig stofnuð á Ísafirði tvö verkalýðsfélög, Sjómannafélag Ísafirðinga og Verkalýðsfélagið Baldur. Þau gengu fljótlega í Alþýðusamband Íslands og beittu sér fyrir stofnun Verklýðssambands Vesturlands, sem síðar hét Alþýðusamband Vestfjarða. Forystumenn Baldurs og Sjómannafélagsins studdu að stofnun og viðgangi verkalýðsfélaga í öðrum byggðum Vestfjarða. Stuðningur Alþýðusambandsins gat skipt sköpum fyrir afdrif lítilla og veikburða verkalýðsfélaga, sem oft áttu í baráttu við harðdræga og ráðríka atvinnurekendur.

Hér birtist útdráttur úr kafla í bókinni *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum I. bindi*, eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing. Þar segir frá stofnun verkalýðsfélagsins í Súðavík og fyrstu árum þess. Þar kom fram á sjónarsviðið kennarinn í þorpínu, sem síðar varð þjóðkunnur baráttumaður alþýðu landsins, formaður í Verkalýðsfélaginu Baldri á Ísafirði, forseti Alþýðusambands Vestfjarða og forseti Alþýðusambands Íslands frá 1954–1971. Verkalýðsfélagið í Súðavík hlaut eldskírni sína í fjöruslag og hafði betur með stuðningi félaga Alþýðusambandsins.



Fjöruslagurinn í Súðavík 1931

Lítill timburhús raða sér óreglulega meðfram ströndinni. Við húsin eða ofar á lóðunum standa kofar, fjárhús, hlöður eða geymsluhús. Flestir hafa nokkrar kindur til að drýgja matarfordann og garðholu líka. Beit er leigð af jarðeigendum. Þorpið veit ekki alveg hvort það er sveit eða bær. Engin bryggja er komin. Vörur, svo sem kol og salt, eru selfluttar á árabátum í land og bornar á bakinu upp úr fjörinni. Saltfiskurinn fer ofuga leið út í bátana og þaðan í skip til útlanda. Vélbátarnir eru dregnir uppí fjöruna á milli róðra. Útvegsbændur gera út sína vélbáta, ráða karlmenn á sjó og konur í saltfisk. Þeir reka líka litlar sveitaverslanir og skrifa vinnulaunin, sem þeir ákveða sjálfir, inn í viðskiptabókina. Þeir sem eiga inni geta tekið út vörur, hinir þurfa að biðja um lán. Vinnan er stopul, stundum mikil, stundum engin. Þannig var Súðavík í upphafi tuttugustu aldar. Þar varð til þéttbýli sem byggði á útgerð og saltfiskvinnslu.

Verkalýðsfélag Álftfirðinga stofnað

Það var veturinn 1928 að unnið var við að leggja nýjan fiskreit í Súðavík. Grjót var borið upp úr fjörinni á handbörum og því dreift á þurrkreitinn. Þetta var erfið og slítandi vinna. Kaup karla í Súðavík var á þessum tíma

70 aurar á klukkustund, en kaup kvenna 50 aurar. Sama kaup alla daga og á öllum tímum dagsins. Á veturna var oftast lítil vinna og þetta nýtti atvinnurekandinn sér og ákvað að greiða aðeins 60 aura á tímann fyrir vinnuna við reitinn. Urðu menn að kyngja því. Varð þá til sú hugmynd að rétt væri að stofna verkalýðsfélag. Helgi Jónsson verkamaður tók sér fyrir hendur að safna undirskriftum og varð vel ágenst.

Víkur nú sögunni til Ísafjarðar, höfuðvígis verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum. Þar kom stjórn Verklýðssambands Vesturlands (VSV) saman þann 4. apríl 1928. Stjórnina skipuðu Ingólfur Jónsson bæjargjaldkeri, Finnur Jónsson póstmestari og formaður verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði og Halldór Ólafsson frá Gjögri, ritstjóri Skutuls. Sambandinu hafði borist áskorun frá 21 verkamanni í Súðavík um stofnun verkalýðsfélags þar í þorpínu. Ákveðið var að forseti sambandsins færi á bát inn í Súðavík til að sjá um stofnun félagsins.

Tveim dögum síðar, á föstudaginn langa, komu þeir siglandi inn í Súðavík, Ingólfur Jónsson forseti VSV, Halldór Ólafsson ritstjóri og félagi þeirra Eyjólfur Árnason gullsmiður. Fundur var boðaður í húsi templara og hófst klukkan fjögur síðdegis.

Fundarstjóri var kosinn Halldór Guðmundsson sjómaður og verkamaður, Eiríksstöðum og skrifari Helgi Jónsson, Tröð. Ingólfur Jónsson hélt ítarlega ræðu um verkalýðsfélög og skýrði tilgang þeirra og störf og „gerðu flestir góðan róm að, og æsktu þess að stofnað væri hjer verkalýðsfélag,“ segir í fundargerð Helga.

Ingólfur bað þá alla að rýma fundarsalinn sem ekki vildu gjörast meðlimir félagsins og gengu þá nokkrir út, en 39 skrifuðu sig sem stofnfélaga, þar af fjórir sem ekki voru á fundinum, en höfðu gefið Helga Jónssyni nöfn sín á þar til gerðu skjali. Þá var samþykkt að stofna Verkalýðsfélag Álftafjarðar. Halldór Guðmundsson var kjörinn formaður félagsins með 24 atkvæðum, ritari Helgi Jónsson og féhirðir Guðmundur Guðnason, Grund.

Ekki liðu nema þrjú dagar frá stofnfundi Verkalýðsfélags Álftfirðinga þangað til haldinn var fundur í félaginu til að ræða kaupgjaldið. Lesinn var upp taxtinn í Hnífsdal og samþykkt að halda sig við hann, þó með möguleika á tilslökun. Kaup karla í Hnífsdal var þá 80 aurar á tímann, en kvenna 55 aurar, samkvæmt texta félagsins þar. Daginn eftir var samninganefndin búin að ræða við atvinnurekendur og fá undirritað

samþykki tveggja þeirra, Sigurðar Þorvarðarsonar og Jóns Jónssonar, fyrir taxtanum. Jón gerði það að skilyrði, að eftirvinna yrði ekki greidd fyrir en búið væri að skila 60 tíma vinnuviku, nema um væri að ræða skipavinnu eða helgidagavinnu. Var þessi tilslökun samþykkt. Um Grím Jónsson gildi hinsvegar það, að hann neitaði að skrifa undir samkomulag, nema félagið hætti við að ganga í Verklýðssamband Vesturlands. Var því hafnað á fundinum og samþykkt að sækja þegar um inngöngu í sambandið. Þá var samþykkt að enginn félagsmaður réði sig í vinnu hjá Grími á meðan hann ekki undirritaði texta félagsins.

Reynt að múta félaginu

Skutull, blað jafnaðarmanna sem gefið var út af Verkalýðs-

sambandi Vesturlands, sagði frá stofnun félagsins og fyrstu samningum þann 15. apríl. Þar segir um Grím: „...er í honum einhver íhaldskergja, sem vonandi minkar þegar hann hefir áttað sig og lært að meta félagið sem samningsaðila fyrir hönd verkalýðsins...“ Ekki fór það nú svo sem blaðið vonaði. Það tók rúmlega tveggja ára togstreitu milli félagsins og Gríms Jónssonar áður en skriflegur samningur var gerður.


Starfsfólk Gríms var ekki í verkalýðsfélaginu, en hann greiddi því sama kaup og gildi hjá félaginu. Fyrst um sinn lét félagið málið ótalið. Um áramót var leitað hófanna um kauphækkun á árinu 1929. Samþykktu þeir það Sigurður á Langeyri og Jón í Súðavík, en ekki Grímur. Kaup karla varð 85 aurar á tímann,



Óskum ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið



VESTURBYGGÐ



Hannibal Valdimarsson.

kvenna 60 aurar. Eftirvinna frá 7 til 10 á kvöldin var 1 króna hjá körlum, en 75 aurar hjá konum. Nætur- og helgidagavinna og skipavinna 1,25 kr. hjá körlum. Laun skyldu borguð út í lok hvers mánaðar og verkalýðsfélagar ganga fyrir vinnu að öllu jöfnu.

Það var þá sem Grímur Jónsson bar fram tilboð til verkalýðsfélagsins á hreppsfundi 19. janúar 1929. Þar bauðst hann til að leggja fram 1000 krónur í sjúkrahúsþjónu fyrir Álftafjörð og bæta 100 krónum í sjóðinn næstu tíu ár, gegn því skilyrði að verkalýðsfélagið legði á móti félagssjóð sinn og tekjur næstu árin. Sóknarprestur, oddviti hreppsins og einn frá verkalýðsfélaginu áttu að mynda sjóðsstjórn og um leið gerðardóm, sem leysti úr öllum ágreiningsmálum um kaup og kjör. Verkföll og verkbönn voru bönnuð og skilyrði sett um að verkalýðsfélagið gengi úr Verkalýðssambandi Vesturlands. Ekki átti að greiða úr sjóðnum fyrr en að 25 árum liðnum. Verkalýðsfélagið fundaði daginn eftir. „Vorur nokkrar umræður um þetta tilboð, og voru allir á því að halda sjer í sambandinu, en láta engann múta sjer til að ganga úr því.“ Þá var samþykkt að enginn félagsmaður mætti vinna hjá Grími Jónssyni, nema að hann undirskrifti kauptaxta félagsins.

Verkalýðssambandið miklu meira virði

Viku síðar kom nýtt tilboð frá Grími, sem „var nú orðið breitt í flestum greinum,“ einsog



Halldór Guðmundsson.

segir í fundargerðabókinni. Formaður félagsins lagði til að tilboðið yrði borið undir stjórn Verkalýðssambands Vesturlands og var það samþykkt. Halldór Guðmundsson formaður mætti á fund stjórnar VSV á Ísafirði 29. janúar þar sem rætt var um „tilboð Gríms Jónssonar um að semja ef félagið gangi úr VSV.“ Stjórnin samþykkti yfirlýsingu, sem lesin var upp á aðalfundi félagsins 2. febrúar 1929.

Sambandsstjórnin lýsir ánægju sinni yfir þeirri viðurkenningu á starfi Sambandsins sem felst í kröfu Gríms Jónssonar, þar sem hann heimilar að félagið gangi úr Sambandinu, og metur sér það til fjár minsta kosti 2000 kr. Hins vegar lítur sambandsstjórnin svo á, að þó Grímur Jónsson hafi metið starf Sambandsins þannig til fjár, þá sé starf þess íraunin miklu meira virði fyrir verkalýðinn og verði jafnvel ekki metið til peninga.

Stjórnin benti á að þær kauphækkanir sem verkafólk í Álftafirði hefði náð fram með samningum verkalýðsfélagsins og stuðningi sambandsins væru margfalt meiri en sú sem Grímur vildi borga til þess að kaupa félagið út úr sambandinu. Félagar í Álftafirði voru hvattir til að hafna þessu boði og haldi baráttu sinni áfram „í félagi við stéttarbræður sína annarstaðar á Vestfjörðum og á öllu landinu.“

Skutull sagði síðara tilboð Gríms hafa falið í sér þriggja manna gerðardóm, þar sem



Helgi Jónsson.

verkalýðsfélagið skipaði einn, líkt og í fyrra tilboðinu, og enn var það skilyrði að félagið gengi úr sambandi vestfirskra verkalýðsfélaga. Skutull sagði að með slíkum gerðardómi væru „verkalýðsfélögin svift réttindum, sem samningsaðilar um kaupgjald, og í stað þess aðeins skamtadur tillöguréttur um þau mál.“ Sagði blaðið verkafólk hlægja að slíkum tilboðum og það Grím að „varðveita þau sem mikilsverð plögg í sögu verkalýðsbaráttunnar í Súðavíkurbreppi.“

Verkalýðsfélag Álftfirðinga hélt áfram að starfa innan Verkalýðssambands Vesturlands og Alþýðusambandsins. Glíman við Grím Jónsson í Súðavík stóð áfram. Hann var aðalatvinnurekandinn á staðnum og neitaði að viðurkenna samningsrétt verkalýðsfélagsins. Grípum við nú aftur niður í söguna þegar kemur fram á árið 1930.

Hannibal stígur inn á sviðið

Halldór Guðmundsson og Helgi Jónsson voru atkvæðamestir á fundum félagsins og sátu saman í stjórn sem formaður og ritari fyrstu tvö árin. Í febrúar 1929, eftir eina rimmuna við Grím, voru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins með því að Sophie Berthelsen afhenti formanni 69 krónur og 50 aura sem gjöf frá félagsmönnum og á sama fundi var samþykkt tillaga Sophie um að greiða ritara 30 krónur úr félagsjóði. Báðir urðu þeir Halldór og Helgi fyrir tekjutapi vegna starfa fyrir félagið og jafnvel útilokun frá atvinnu í Súðavík. Fjárhagsstuðningur félaganna er merkilegur vitnisburður um samheldni og skilning á þeirri fórn sem þeir færðu í þágu heildarinnar.

Á aðalfundi 2. febrúar 1930 var kosinn nýr formaður, Hannibal Valdimarsson kennari í Súðavík. Þar með steig hann í fyrsta sinn inn á svið verkalýðsmálanna. Haustið áður hafði Hannibal mætt á fund félagsins og var þá samþykkt „að veita honum framvegis jafnrjetti við fjelagsmenn.“ Á fundinum hélt Hannibal ræðu um jafnaðarstefnuna og sam-

vinnu verkalýðsfélaga og las úr ljóðmælum Davíðs Stefánssonar. Fræðsla og skemmtun voru samofin starfi verkalýðsfélaganna á þessum tíma. Um leið og Hannibal var kosinn formaður félagsins var kona í fyrsta sinn kosin í varastjórn; Sophie Berthelsen var kosin varaféhirðir. Sophie var ljósmóðir í Súðavík 1914–1940 og tók virkan þátt í fundum félagsins. Þegar til tals kom að félagið eignaðist fána, voru skiptar skoðanir um hvort það ætti að vera rauði fáni jafnaðarmanna eða sá íslenski. Sophie leysti málið með því að gefa félaginu íslenskan fána.

Ástæðan fyrir því að Hannibal var beðinn um að taka við formennskunni var fyrst og fremst sú, að hann var ekki eins háður valdi atvinnurekenda og aðrir, þar sem hann þáði kennaralaun sín frá ríkinu. Halldór Guðmundsson og Helgi Jónsson sneru sér til Hannibals, sem rifjaði upp löngu síðar:

Halldór hafði verið formaður í félaginu frá því það var stofnað. Hafði honum verið haldið frá vinnu af þeim sökum og hafði hann þannig ekki vinnu meðan nokkurn annan verkamann var að fá í þorpinu. Þegar hann kom til mín, tjáði hann mér að hann sæi ekki fram á að hann gæti fórnað heimili sínu og fjölskyldu meira fyrir félagið. Sagði hann jafnframt, að þeir félagar fengu engan mann til að taka við félaginu eins og ástandið í þorpinu var.

Kostirnir voru þeir að horfa upp á verkalýðsfélagið beygt í duftið eða að taka við keflinu af frumherjunum og halda baráttunni áfram. Hannibal tók síðari kostinn og þar með eignaðist íslensk verkalýðshreyfing einn sinn mikilhæfasta leiðtoga á síðustu öld.

Samkomuhúsið í Súðavík byggt

Árið 1930 sýndi samtakamáttur verkafólks í Súðavík hverju hægt er að áorka, ef saman fer áræðni og dugur. Alþýðan byggði sér samkomuhús, sem enn stendur í gamla þorpinu.

Á fundi 23. mars 1930 sýndi Hannibal teikningu af nýju samkomuhúsi, sem Páll Kristjánsson trésmíðameistari á Ísafirði hafði gert. Nú var aðeins eftir að finna lóð undir húsið, en það varð þrautin þyngri. Leitað var til allra landeigenda í Súðavík, en allstaðar var sama svarið: blákalt nei. Málið leystist með því að Sveinn Jensson, sem rak litla verslun í þorpinu, átti lóð meðfram aðalgötunni, sem hann samþykkti að selja félaginu gegn greiðslu út í hönd. Þetta var tilkynnt á fundi 25. maí. Strax var tekið til við að grafa grunn að húsinu og gekk það fljótt. Fólk

mætti sjálfviljugt og hver lagði sig fram eftir getu. Sandur og mól var sótt yfir fjörðinn í Sjóúna-hlíð, þar sem mölinni var mokað í poka, þeir bornir á bakinu út í bát og róid yfir fjörðinn. Í Súðavík voru pokarnir aftur bornir úr bátnum að byggingarstað. Annað byggingarefni, timbur, sement, gluggar og hurðir fékkst að láni hjá byggingavöruverslun Guðna Bjarnasonar á Ísafirði. Hannibal varð það minnisstætt þegar hann „eina fagra júnínótt sigldi fyrir Arnarnes á leið til Súðavíkur á bátnum hans Hrefnu-Láka, með Karli Þorlákssyni sem skipstjóra, og með hlaðinn nótabát í eftirdragi.“

Greiðlega gekk að steypa grunninn. Ásgrímur Albertsson var þá 16 ára og bar sand í fötu að þeim sem hrærðu steypuna: „Mér eru minnisstæð handtök ungra sjómanna sem á bretti tvískipta hræru, átta í einu. Steypan var svo borin í fötu og hún rétt til þeirra sem helltu í mótin og jöfnuðu í þeim.“ Erfiðlega gekk að fá smíði til verksins, þar sem ekki voru tiltækir iðnaðarmenn í nágrenninu. Var leitað til Reykjavíkur og þar ráðnir þeir Ragnar Halldórsson og Jóhannes Jóhannesson. Á stuttum tíma reistu þeir húsgrindina og fjöldi manna kom til að hjálpa við að negla byrðinginn á grindina. Þegar smiðirnir höfðu reist sperrurnar mættu sjálfboðaliðarnir aftur og lögðu þakklæðninguna á. Það var á laugardagskvöldi og glumdu hamarshöggin látaust allt til morguns, svo ekki varð svefnssamt í Súðavík þá nótt. Daginn eftir mætti Hannibal Jóni Valgeiri, jarðeigandi í Súðavík og föður Gríms Jónssonar kaupmanns, á göngu. Hannibal vildi afsaka það að karl hefði kannski orðið andvaka um nóttina, en þá svaraði Jón Valgeir: „Þetta er bara einhver ánægjulegasta nótt sem ég hef lifað. Aldrei hlé á milli högga.“

Ánægjan yfir að heyra starfsáhugann yfirvann andúðina á þeim sem stóðu fyrir verkinu. Það var ekkert leyndarmál að margir betur megandi í þorpinu höfðu ímugust á þessu framtaki fólksins í Súðavík og ofstækið gegn húsbyggingunni var stundum slíkt að árum saman gátu sumir ekki fengið sig til „að stíga yfir þröskuld þessa húss af þeirri einu ástæðu, að það var byggt af verkalýðsfélagi,“ rifjaði Hannibal Valdimarsson upp síðar.

Samkomuhúsið í Súðavík reis á fjórum mánuðum. Í október þegar barnaskólinn byrjaði var húsið að mestu fullbúið. Lá nú beinast við að leigja samkomuhúsið til skólalahalds, þar sem gamla skólalúsið hélt hvorki vatni né vindi. Það kom sér vel fyrir fátæk félögin sem stóðu að húsinu að fá tryggn og góðan leigjanda. Veitti ekki af, til að greiða af lánnum.



Samkomuhúsið.



Óskum ASÍ til hamingju með 100 ára afmælið



Tálknafjörður



Samkomuhúsið.

Eldvígslan – slegist í fjörunni

Veturinn 1931 voru kjaramálin efst á baugi í Verkalýðsfélagi Álftafjarðar. Verkalýðskólinn fór fram á 10 aura kauphækkun á tímum, bæði hjá konum og körlum. Varð af því snarpasta deila milli félagsins og atvinnurekenda, sem sögur fara af. Fjölmenntúlfélagssundur var haldinn 16. apríl. Formaður félagsins, Hannibal Valdimarsson, hóf umræður um kaupsamningana „og atvik þau sem höfðu átt sér stað síðustu daga.“ Sagði hann Grím Jónsson enn neita öllum samningum. Á fundinum var mættur Árni Ágústsson, sendur af Alþýðusambandi Íslands til að aðstoða félagið í kaupdeilunni. Stappaði hann stálinu í verkafólki og sagði að það mætti í engu kvika frá kröfum sínum; það augnablik væri liðið. Fundarmenn samþykktu með 37 atkvæðum gegn 3 að halda áfram til þrautar verkfalli hjá Grími Jónssyni. En hvaða „atvik“ voru það sem átt höfðu sér stað?

Einsog oft áður hafði Grímur Jónsson, einn þriggja atvinnurekenda í Súðavík, neitað kröfum verkalýðsfélagsins. Var því ákveðið að grípa til aðgerða gegn honum þegar von var á tveim flutningaskipum með salt og timbur. Saltskipið kom fyrir og var ákveðið að stöðva uppskipun úr því. Saltið var flutt í pokum á bátum frá skipinu og að bryggjusporði í fjörunni og borið þaðan upp á land. Forysta verkalýðsfélagsins og nokkrir félagar mættu á staðinn og tilkynntu um vinnustöðvun. Sjó-

menn á bátum Gríms voru ekki í félaginu og héldu áfram vinnu. Verkalýðsfélagar, sjö karlmenn og nokkrar konur, þar á meðal Sophie Berthelsen ljósmóðir, reyndu að stöðva uppskipunina með því að hindra saltburðinn. Tóku þau að velta saltpokunum af herðum burðarmanna og urðu af því talsverð átök í flæðarmálinu. Konurnar drógu ekki af sér og hefur það verið sjón að sjá þegar verkfallsbrjótar drógu þær á pilsunum í fjörusandinum. Vegna liðsmunar urðu verkfallsmenn að láta undan, eftir hörd átök. Formaður félagsins tók þátt í slagnum, en varð frá að hverfa til að fara úr blautum og sendum fötunum í önnur þurr áður en barnakennslan hófst.

Verkalýðsfélag Álftfirðinga óskaði eftir aðstoð Alþýðusambands Íslands. Sambandið brá skjótt við og sendi Árna Ágústsson úr verkamannafélaginu Dagsbrún til Súðavíkur til að stjórna aðgerðum. Þar er komin skýringin á veru hans á félagsfundinum 16. apríl. Stuðningur Alþýðusambandsins með yfirvofandi aðflutnings- og útflutningsbanni á atvinnurekstur Gríms hefur trúlega skipt sköpum. Tveim dögum síðar lét Grímur Jónsson undan og samningar voru undirritaðir.

Viðurkenning og samningsréttur

Sigur verkalýðsfélagsins fólst í því að allir atvinnurekendur í Súðavík viðurkenndu nú félagið, samningsrétt þess og forgang til vinnu með sameiginlegum

samningi. Dagvinnulaun hækkuðu um 10 aura á tímann; karlar fengu 1 krónu. Verkalýðskólinn fékk tvo kaffitíma á dag, án frádráttar á kaup og borga skyldi út launin vikulega. 1. maí, sumardagurinn fyrsti, 17. júní og 1. desember urðu almennir frídagar. Loks samþykktu atvinnurekendur að taka aðeins í vinnu félagsmenn í verkalýðsfélaginu.

Verkalýðsfélag Álftfirðinga var stofnað vorið 1928 með 46 félögum, þar af voru 14 konur. Smám saman fjölgaði í félaginu og í árslok 1929 voru félagsmenn orðnir 60. Eftir samningana í apríl 1931 náði meðlimafjöldinn 95, samkvæmt lagabók félagsins. Íbúar í Súðavíkurþorpi voru það ár 269, svo ætla má að nær allt verkafólk hafi á þeim tíma verið félagsbundið í verkalýðsfélaginu og einnig stór hluti sjómanna.

Árið 1931 fékk verkalýðshreyfingin sína eldskírni í Súðavík og stóð eftir sterkari en fyrir. Viðurkenning félagsins var tryggð með stuðningi sambandsfélaga Alþýðusambandsins á Ísafirði og um land allt.

Helstu heimildir:

Halldór Guðmundsson. „Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga 20 ára.“ *Vinnan* 6. árg. 1948.

Hannibal Valdimarsson. „Byggingarsaga Samkomuhúss Álftfirðinga og forsaga þess máls.“ *Frá Bjargtöngum að Djúpi* 6.

Fundagerðabók Verkalýðsfélags Álftfirðinga 1928-1935. (Þjóðskjalasafn. Ísl. Safn ASÍ)

Skjalasafn Verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum: *1/1 Gjörðabók Verkalýðssambands Vesturlands 1927-1942. 31/1 Gerðabók Verkalýðsfélags Hnífsdælinga 1924-1930.*

Landstólpinn

Viðurkenning Byggðastofnunar

Landstólpinn Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar er viðurkenning sem Byggðastofnun veitir árlega á ársfundi sínum. Viðurkenningin er hvatning, því hugmyndin að baki er að efla skapandi hugsun og bjartsýni.

Landstólpinn er veittur einstaklingi, fyrirtæki eða hóp/verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga, fyrir framtak sem vakið hefur athygli á byggðamálu, landsbyggðinni í heild, eða einhverju tilteknu byggðarlagi og þannig aukið veg viðkomandi samfélags.

Hér með er lýst eftir tillögum um handhafa

Landstólpans 2016. Dómnefnd velur úr þeim tillögum sem berast.

Hafa má í huga hvort viðkomandi hafi:

- gefið jákvæða mynd af landsbyggðinni eða viðkomandi svæði
- aukið virkni íbúa eða fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- orðið til þess að fleiri verkefni/ný starfsemi verði til
- dregið að gesti með verkefni eða umfjöllun sinni

Ekki er nauðsynlegt að öllum þessum atriðum sé fylgt eftir, heldur séu þau höfð til hliðsjónar. **Nauðsynlegt er að rökstuðningur fylgi tilnefningunni.**

Viðurkenningunni fylgir listmunur hannaður af Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur frá Gler í Bergvík.

Tillögur sendist á netfangið:

landstolpinn@byggdastofnun.is

Nánari upplýsingar gefur Sigríður K. Þorgrímsdóttir, s. 4555400.


Frestur til að til að koma tillögum til skila rennur út þriðjudaginn 29. mars 2016



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00
Fax 455 54 99

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is



Óskum ASÍ
til hamingju með
100 ára afmælið



ÍSAFJARÐARBÆR

ASÍ 100 ára



Gunnhildur Elíasdóttir.

Þann 12. mars 2016 eru liðin eitt hundrad ár frá stofnun Alþýðusambands Íslands. Þá var búið að stofna nokkur verkalýðsfélög sem sáu sér hag í því að hafa félögin saman í einu stóru sambandi, í baráttu fyrir bættum kjörum verkafólksins, sem svo sannarlega veitti nú ekki af.

Ekki er meiningin að rekja þá sögu hér, heldur smá hugleiðing um hvað hefur breyst á þessum árum sem liðin eru síðan ASÍ varð til, og þá aðeins mínar vangaveltur hvað varðar mitt nánasta umhverfi og reynslu mína af störfum fyrir verkalýðshreyfinguna.

Það eru liðin tæplega 30 ár síðan ég hóf að starfa fyrir mitt stéttarfélag og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og mikil breyting orðið. Þá var verkalýðsfélag í hverju þorpi hringinn í kringum landið, og veitti örugglega ekki af, þá var umfangsmikill atvinnurekstur, útgerð og fiskvinnsla sennilega langstærsta atvinnugreinin. Reyndar þegar hér er komið sögu voru mörg stéttarfélögin mjög máttlaus og lítið starfandi en sáu þó um alla lögbundna starfsemi, en ef kom til einhverra ágreiningsmála tengda vinnu og réttindum launamannsins þá gat nú vandast málið. Stjórnir stéttarfélaganna á þessum litlu stöðum voru jafnvel skipaðar að einhverju leyti sama fólki og sat í

stjórnnum aðalatvinnurekendanna á staðnum og erfitt að leita réttar síns við þær aðstæður.

Orðið hagræðing fer mjög fyrir brjósti á mörgum og ekki að ástæðulausu. Yfirleitt hefur hagræðing helst orðið til þess að veikja stöðu verkafólks, svo þeir sem meira hafa beri enn meira úr bítum, svo mjög að engin orð ná yfir það. Því minnst ég á það hér? Ég er ein af þeim sem fæ yfirleitt hroll þegar þetta orð heyrir, en hef svo komist að því að stundum og ef vel er vandað til verka þá er nauðsynlegt að hagræða og ætla að útskýra það aðeins nánar vegna þess að ég er stolt af því að hafa tekið þátt í þeirri hagræðingu sem svo sannarlega hefur skilað sér til launafólksins á mínu félagssvæði. Mér finnst þetta jafnframt vera með því eftirminnilegra sem ég hef tekið þátt í á þessum vettvangi.

Ég held að það hafi verið um síðustu aldamót sem virkilega var farið að ræða sameiningu stéttarfélaganna hér á svæðinu og tóku nokkur félög sig saman og hófu undirbúning. Í ljósi þess að allskonar sameiningar höfðu átt sér stað með, að því er margir töldu, misjöfnum árangri var einróma ákveðið að fara afar gætlega á stað í þessa vegferð, mikið um fundarhöld og samtöl. Meðal annars var haldið upp í ferð norður í Eyjafjörð til skrafs og ráðagerða en þar höfðu nokkur

félög sameinast nokkru áður og vildum við kanna hvernig til hefði tekist. Ekki drógu þær upplýsingar sem við fengum í þeirri ferð úr okkur kjarkinn heldur sannfærðumst við enn frekar um að þetta væri það sem koma skildi. Stærri félag með öflugri skrifstofu sem sinnt gæti félagsmönnum af samviskusemi og kunnáttu, því verkefni eru mörg og flókin og kannski ekki á færi óbreyttra félagsmanna að átta sig alltaf á hvernig hlutirnir virka í þessum málum. Skemmst er svo frá því að segja að 1. janúar 2002 tók til starfa nýtt félag, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og voru það félög í Ísafjarðarbæ auk Súðavíkur sem stóðu að því. Síðan hafa nokkur félög bæst í hópinn og nær nú félagssvæðið allt frá Reykhólum í suðri og norður á Drangnes, með örfáum undantekningum þó. Þess má gjarnan geta að ferðin forðum norður í Eyjafjörðinn var heldur betur heilladrjúg, því þar mynduðust tengsl sem haldist hafa alla tíð síðan og er reglulega skipst á

heimsóknum milli félaganna og er til mikillar fyrirmyndar.

Í daglegri umræðu er ansi oft talað niður til verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðusambandsins. Við ættum að hafa það hugfast að þessi hreyfing erum við, og við erum þessi hreyfing. Við getum öll haft áhrif á þessi störf ef við bara höfum áhuga og nenum. Félag eru ekkert annað en fólkið sem í þeim er. Við ættum að staldra aðeins við og hugsa um það hvernig við höfum öðlast það sem við höfum í dag, þó vissulega vanti mikið upp á að allt sé í góðu lagi. Ekki ætla ég að fara í neina upptalningu en minni bara á að ekkert af okkar réttindum hefur fengist af sjálfu sér, það hefur kostað blóð, svita og tár að ná fram kjarabótum og, ja ég vil segja þeim sjálfsgöngu mannréttindum sem við höfum í dag og það ber að þakka þeim sem hafa í gegnum tíðina staðið í framlínunni, studdir af sínum félagsmönnum og barist fyrir betra lífi okkur til handa.

En þessi orrusta er endalaus,

lýkur aldrei. Það þarf stöðugt að vera á verði og á Íslandi í dag eru svört ský á lofti. Áhyggjur af mansali og öðru slíku eru sannarlega eitthvað sem taka verður alvarlega og við skulum aldrei láta það líðast að slíkt þrífist á okkar vinnumarkaði. Það er ekki heldur skemmtileg sjón sem birtist okkur í fréttatímum þessa dagana, að þegar verkafólk er að berjast fyrir bættum kjörum og grípur til löglegra aðgerða. Að þá skuli ryðjast fram fólk... stjórnendur...sem hefur margar milljónir í mánaðarlaun, og ganga í störf verkamanna.

Nei það er ástæða til þess að þjappa sér ennþá frekar saman, nú sem aldrei fyrr, undir merkjum stéttarfélaganna og Alþýðusambands Íslands og passa upp á fenginn hlut, og sækja fram svo hagar verkafólks á Íslandi sé okkur öllum til sóma.

Alþýðusamband Íslands, innilegar hamingjuóskir á aldarafmælinu.

Gunnhildur Elíasdóttir ritari í stjórn Verk-Vest.

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir **umsóknum um styrki** úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið hildur@nmi.is.

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 30. mars



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



ÁTAK TIL
NÝSKÖPUNAR



ÓSKUM ASÍ TIL HAMINGJU MEÐ 100 ÁRIN





Finnboði Sveinbjörnsson.

ASÍ 100 ára

Árið er 2016. Fyrir 100 árum kom íslenskt verkafólk saman og stofnaði eigin samtök til að berjast gegn misrétti og kúgun sem viðgengist hafði á íslenskum vinnumarkaði í árhundruðin. Alþýðusambandið var stofnað þann 12. mars 1916, gleymum því ekki að nokkur stéttarfélag voru einnig stofnuð sama ár. Á Vestfjörðum voru tvö stéttarfélag stofnuð árið 1916; Sjómannafélag Ísafjarðar þann 5. febrúar og Verkalýðsfélagið Baldur þann 1. apríl.

Sjómannafélagið náði fyrst stéttarfélagi á Ísafirði viðurkenndum kjarasamningi um launakjör félagsmanna sinna strax árið 1916. Var það í fyrsta skipti sem atvinnurekendur viðurkenndu samningsrétt verkalýðsfélags á Ísafirði. Félagið átti þátt í að ná fram ýmsum af helstu réttindum sjómanna svo sem kauptryggingu árið 1936 og heildarkjarasamningum sjómanna á Vestfjörðum árið 1952 sem tryggðu vestfirskum sjómönnum betri skiptakjör en víða annarsstaðar á landinu.

Víf. Baldur var á tíunda starfsári þegar ein mikilvægasta kjarabarátta félagsins stóð yfir. Þá ætluðu atvinnurekendur með aðstoð banka og lögregluvalds að brjóta samstöðu verkafólks á bak aftur og kúga það til hlýðni.

Með samstöðuna að vopni tókst Baldursfélögum að brjóta vald atvinnurekenda á bak aftur og ná fram tímamótasamningum. Eftir átökín fékk félagið samningsrétt sinn viðurkenndan, en á þeim tíma höfðu aðeins fá félög náð þeim árangri.

Nýr taktur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins sem endurspeglast í hörðum átökum í Straumsvík er um margt líkur því sem var í gangi fyrir 80 árum. Auðvaldshringur með aðstoð samtaka íslenskra atvinnurekenda ætla með aðstoð lögreglu að brjóta á bak aftur löglega boðaðar aðgerðir verkafólks til að ná fram nýjum kjarasamningi.

Mjög víða á vinnumarkaði er notast við hótanir sem stjórn-tæki til að berja niður samstöðu launafólks. Viljum við að sagan endurtaki sig eða ætlum við að byggja á því sem skipuleg baráttu fyrir bættum kjörum hefur skilað okkur? Bættum kjörum sem hefur verið barist fyrir í 100 ár af órjúfanlegri samstöðu hinna vinnandi handa?

Baráttu og samstaða hefur skilað okkur þeim ávinningi sem við njótum í dag. Samstaða sem byggir á samhug, náungakærleik og því sem mestu skiptir, að bera hag heildarinnar fyrir brjósti. Ætlum við að tryggja að svo megi verða í komandi framtíð? Tökum

öll þátt í baráttunni, ekki vera eingöngu þiggjendur og farþegar.

Í tilefni 100 ára baráttu verkafólks er vert fara yfir hverju sú baráttu hafur skilað verkafólki og landsmönnum öllum!

Árið 1910 var fyrst gerð tilraun til að lögbinda tíu tíma vinnudag en ekkert þokaðist fyrir en þingmenn ASÍ tóku umræður um hvíldartíma sjómanna upp á Alþingi. Í framhaldinu komu Vökulöggin sem tryggðu íslenskum Sjómönnum sex tíma hvíld á sólahring.

Árið 1920 heyrðist í fyrsta sinn krafa um átta stunda vinnudag hérlendis, hjá prenturum. Eftir hörð átök á vinnumarkaði árið 1942 náðist fram átta stunda vinnudagur inn í kjarasamninga. En það var ekki fyrir en 1972 sem 40 stunda vinnuvika var loks lögfest.

Fyrstu löggin um almannatryggingar voru sett árið 1936 eftir margra ára þref á Alþingi. Andstæðingar verkamanna héldu því meira að segja fram í fullri alvöru að almennileg samfélagsþjónusta myndi ýta undir veikindi og leti. Með almannatryggingunum var viðurkennt að allir í samfélaginu bæru ábyrgð á að framfleyta þeim sem ekki höfðu tök á því sjálfir. Lög um Atvinnuleysistryggingasjóð komu síðan fram árið 1956 til að

tryggja þeim sem eru í atvinnuleit lágmarksframfærslu þangað til starf hæfist á nýjan leik.

Lög um stéttarfélag og vinnudeilur eða vinnulöggjöfin var lögtekin árið 1938. Helsta markmið laganna er að tryggja vinnufrið. Lögin eiga að tryggja að vegna árekstra sem kunna að skapast á milli aðila vinnumarkaðarins hljóti sem minnst tjón fyrir atvinnulífið í landinu.

Réttinn til orlofs fékk íslenskt verkafólk árið 1943, eftir að frumvarp þess efnis hafði legið fyrir Alþingi árum saman. Blað ASÍ, Vinnan, nefndi árangurinn „... réttarbót, sem telja verður stórsigur í hagsmunabaráttu íslensks verkalýðs.“ ASÍ lagði strax áherslu á að fólk gæti nýtt orlof sitt sem best og liður í því var bygging orlofshúsa víðs vegar um landið. Þau fyrstu risu í Ölfusborgum árið 1962, en landssvæðið við Hveragerði fékk Alþýðusambandið að gjöf frá þáverandi forsætisráðherra.

Í kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda árið 1969 var kveðið á um að stofnaðir skyldu lífeyrissjóðir á félagslegum grundvelli fyrir alla launamenn innan Alþýðusambandsins. Þá hafði verið rætt um almenna lífeyrissjóði á Alþingi frá árinu 1957. Nýr samningur var gerður um sjóðina árið 1995 þar sem grunn-

stöðirnar þrjár voru áréttaðar; samtrygging, skylduáild og sjóðssöfnun.

Þá má einnig telja hér upp áfanga eins og sjúkrasjóði stéttarfélaganna – verkamannabústaði – kvennafrídaginn – fæðingarorlof og nokkru síðar feðraorlof, fræðslusjóði stéttarfélaganna og nú síðast starfsendurhæfingarsjóð, svo nokkur mikilvæg atriði séu nefnd.

Skylda launafólks er að styðja hvort annað í baráttunni fyrir bættum kjörum og framförum í réttindamálum okkar. Baráttan fyrir réttindunum sem flestir telja sjálfsögð hefur kostað íslenska alþýðu blóð svita og tár. Verkafólk má ekki láta etja sér saman líkt og var ástundað fyrir miðja síðustu öld þegar þrengdi að á vinnumarkaði. Á þeim tíma var reynt að brjóta niður baráttuvilja verkafólks með öllum tiltækum ráðum. Við megum ekki láta slíkt henda aftur, til of mikils hefur verið barist. Gleymum ekki að réttindin dattu ekki af himnum ofan. Fyrir þeim hefur verið barist í rúm 100 ár.

Verkafólk, til hamingju með 100 árin. Megi næstu 100 skila okkur enn fleiri sigrum.

*Finnboði Sveinbjörnsson
formaður Verkalýðsfélags
Vestfjarða*

Samkaup úrval



25% afsláttur

KJÖTBORÐ HAMBORGARAR - 120 G
245 KR/STK | 25% | 196 KR/STK



25% afsláttur

KJÖTBORÐ SVÍNALUNDIR
2.588 KR/KG | 25% | 1.941 KR/KG



20% afsláttur

KJARNAFÆÐI KJÖTFARS, ÞÍTT - 620 G
571 KR/ÞK | 20% | 457 KR/ÞK



20% afsláttur

SS LAMBALÆRI
1.498 KR/KG | 20% | 1.198 KR/KG



20% afsláttur

ÍSUGL KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
2.998 KR/KG | 20% | 2.398 KR/KG



20% afsláttur

FERSKT LAMBAFILLE M. FITU
5.498 KR/KG | 20% | 4.398 KR/KG



25% afsláttur

FERSKAR GRÍSAUNDIR
2.588 KR/KG | 25% | 1.941 KR/KG



24% afsláttur

KJÖTSEL HAMBORGARAR, 2 X 120 G
519 KR/ÞK | 24% | 394 KR/ÞK



11% afsláttur

KJÖTBORÐ LAMBAFILLE M. FITU
4.498 KR/KG | 11% | 3.996 KR/KG



45% afsláttur

MYLLAN SKÜFFUBITAR
M. SÚKKULADI, GULRÖTUM EÐA EPLUM
359 KR/ÞK | 45% | 197 KR/ÞK



25% afsláttur

RAUÐSPRETTUFLÖK M. RÖÐI
1.198 KR/KG | 25% | 899 KR/KG

samkaupurval.is

Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík
Ísafjörður · Neskaupstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagaströnd

**HRING
IDAN**

LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

fimmtudagur 10. mars

17:55 Basel - Sevilla

(Opin dagskrá)

17:55 Bor Dortmund - Tottenham Hotspur

19:00 Dominos deild karla

19:00 Meistarad. í hestaíþr.

20:00 Liverpool - Manchester United

20:00 Golf - PGA Tour

20:00 Villarreal - Borussia Dortmund

föstudagur 11. mars

19:40 Juventus - Sassuolo

19:50 Breiðablik - Víkingur Ó.

19:50 Reading - Crystal Palace

20:00 Golf - PGA Tour

21:00 Dominos Körfub.kvöld

01:00 M Grizzlies - New Orleans Pelicans

laugardagur 12. mars

12:35 Norwich City - Manchester City

12:35 Arsenal/Hull - Watford

14:25 Borussia Munchen - Borussia Dortmund

14:50 Bournemouth - Swansea City

14:50 Stoke City - Southampton

14:50 Aston Villa - Tottenham Hotspur

14:55 Barcelona - Getafe

16:25 Dominos deild kvenna

17:20 Arsenal - West Ham Albion

17:20 Everton - Chelsea

17:25 Darmstadt - Augsburg

18:00 Golf - PGA Tour

19:40 Inter Milan - Bologna

21:30 Formúla E: Mexíkó

sunnudagur 13. mars

11:25 Chievo - Milan

13:55 Udinese - Roma

15:50 Manchester United - West Ham

18:00 Golf - PGA Tour

18:05 Valur - ÍBV

19:25 Las Palmas - Real Madrid

mánudagur 14. mars

19:35 FA Cup leikur

19:50 Leicester City - Newcastle United

22:00 Messan

þriðjudagur 15. mars

19:30 Manchester City - Dynamo Kiev

19:30 Atlético Madrid - PSV Eindhoven

21:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 16. mars

19:10 Dominos deild kvenna

19:30 Barcelona - Arsenal

19:30 Borussia Munchen - Juventus

21:45 Meistaradeildarmörkin

(Opin dagskrá)

	HÁMA	KRYDD	ÓSVIKINN		RÓMVERSK TALA	AGAÐUR	FÆÐA
GAMNA							
YFIR- BREIÐSLA				POKA			
				ÓBEIT			
ARÐA					SKÓLI		
					KUNNÁTTA		
GJALD- MIÐILL							OFAN
	ÞUS						
	↓	RUNNI	LEYFI LISTA- MAÐUR	FIÐUR SVALI			
SKÍTUR				VIÐSKIPTA- VINUR SKARÐ			
HAKA				ALMÆTTIS GELDA		RÍKI	
TVEIR EINS			MJÓLKVI AÐRAKSTUR		TUGUR TIGNA		
SKJÖN			BYLGJA ASI		TVEIR EINS RÖÐ		
FUGL				SJÁ EFTIR GOLA			OTA
		REKALD KVIKMYND		LAMPI TITTUR			
UPPFYLLA				ÁN HYGGJAST		ÓHREINKA	
TVEIR			UNAÐUR KERALDI		MJAKA EINKAR		
HALLI			GLATA MÁLmur		UTAN TAUMUR		
UTANMÁL				ÁVÖXTUR			
SÖNGLA							SLÆMA

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Helgarveðrið

Á föstudag:

Suðvestan 10-18 m/s og él, en úrkomulítið NA-tíl.

Heldur hægari sunnan átt og úrkomuminna um kvöldið.

Hiti kringum frostmark.

Á laugardag:

Suðaustan hvassviðri eða stormur, talsverð rigning og hiti 0 til 6 stig, en vestlægari um kvöldið með éljum og kólnar.

Á sunnudag:

Líkur á ört vaxandi sunnan og suðaustanátt með rigningu og hlýindum.

Lausn á síðustu krossgátu

				MÚLBRAND	MÝKJA	ELSKA	ÁTT	Í RÖÐ	DÝRA- HLJÓÐ	SVERFA					
				LÚR	B	L	U	N	D	U	R				
				FÁSINNI	E	I	N	V	E	R	A				
				FAG	I	Ð	N	SKORDÝR	Í RÖÐ PRÁÐUR	R	S				
				SNJÓ- HRÚGA RYKKUR	S	K	A	F	L	SKÓLI	P				
				↓	VARKÁRNI	FISKA	Á	L	A	FESTA RISPAN	L	Í	M	A	
				ÖGLTUR	G	A	L	T	I	RÖÐ SKÖHLJÓÐ	R	U	N	A	ÞREYTA
				TIGNA	A	Ð	L	A	PÚSSA TÓFT	F	Á	G	A	KLÖPP	L
				TVEIR EINS	G	G	KRÆKJUR SLÁTRA	K	R	Ó	K	A	BYLI ROMSA	B	Ú
				HÖLU- FISKUR	N	Á	L	UTANHÜSS	Ú	T	I	ÞÖGN DOLLA	Þ	E	I
				HLÓÐIR	S	T	Ó	EYÐIMÖRK FRAM- VEGIS	S	A	N	D	U	R	SNÍKJU- DÝR
					L	GÆTT KJÓSA	G	Á	T	T	ÆSINGUR MEN	Ó	L	G	A
				FYRIRVAF	Í	V	A	F	SVARA RIKI Í ARABÍU	A	N	S	A	SKYLDI	F
				DRYKKUR	T	E	LAND FORM	R	Í	K	I	NAGDÝR	TVEIR EINS STEFNA	Æ	Æ
				LYKTAR	I	L	M	A	R	LÍTID	S	M	Á	T	T
				SKÍNA	L	J	Ó	M	A	SNUP	T	Ú	T	T	A
				BARÐAGI	A	T	LÍÐSÖGN	N	E	I	S	T	I		

Sudoku þrautir

			3		6	9		8		
						3				
2	9				4	1	7	5		
				1		6	8		9	
4	1	9				2				
6				5	9	4	3		2	
9			1		2			5	3	6
3	6	5				8				
7			4	6		5			9	

2	4	7	1						
						7	4		
							6		9
7	3	1	6						
		8				9			6
	5				3	1			
	9				1				5
	1		7						2
		6		8					



Boðið verður upp á nám í skipstjórnarréttindum í MÍ í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Boðið upp á nám til skipstjórnarréttinda að nýju

Haustið 2016 er fyrirhugað að bjóða að nýju upp á nám til A stigs skipstjórnarréttinda við Menntaskólann á Ísafirði í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Réttindin gilda fyrir skip að 24 metrum. Einstaklingar sem náð hafa 25 ára aldri og hafa starfað samanlagt í 1125 daga á sjó eiga möguleika á því að fara í gegnum svokallað raunfærnimat sem hugsanlega getur

fækkað þeim áföngum sem þeir þurfa að taka í skóla. Raunfærnimatið er ekki forsenda þess að stunda námið.

Vinnufundir þar sem raunfærnimatsferlið verður kynnt nánar, unnið í færnimöppu, gátlistum og öðrum undirbúningi verða haldnir í Skor á Patreksfirði, mánudaginn 4. apríl, í Þróunarsetrinu á Hólmavík, þriðjudaginn 5. apríl og í Fræðsl-

umiðstöðinni á Ísafirði, miðvikudaginn 6. apríl.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í raunfærnimatinu þurfa að staðfesta áhuga sinn með því að senda tölvupóst á netfangið bjornhafberg@hotmail.com fyrir 15. apríl 2016. Nánari upplýsingar gefur Björn Hafberg, náms og starfsráðgjafi í síma 899-0883.

annska@bb.is

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



100 ÁRA

Tónleikar og hátíðardagskrá 12. mars

Í tilefni af aldarafmæli Alþýðusambands Íslands bjóðum við Íslendingum til tónleikaveislu á fjórum stöðum á landinu á afmælisdaginn, laugardaginn 12. mars:

Ísafjörður: Tónleikar í Edinborgarhúsi kl. 20.00

MUGISON LÁRA RÚNARS

Aðgangur **ókeypis** - tryggðu þér miða á **tix.is**